



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

544. stjórnarfundur 28. maí kl. 18:00 2020

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Birgir Már Bragason, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Barnamenningarsjóði Íslands. Umsókn hafnað.

Tölvupóstur frá UMFÍ, fréttabréf. Dregið úr takmörkunum á íþróttastarfi.

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild þar sem óskað var eftir afnotum af Hringbraut 108 á leikdögum. Samþykkt af aðalstjórn.

Tölvupóstur frá ÍSÍ vegna skiptingu styrks.

3. Sendbréf

Tölvupóstur sendur á ÍSÍ með upplýsingum um skiptingu styrks ÍSÍ vegna Covid 19.

Bréf sent á deildir með upplýsingum um skiptingu styrks ÍSÍ vegna Covid 19.

4. Fundur með ÍT

Einar og Garðar fóru á fund ÍT og kynntu tekjufall deilda og ráða og sóttu um styrk.

5. Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ er 25. - 31. maí. Íþróttastjóri sér um framkvæmd hreyfivikunnar. Félagið fékk brennibolta og Kristall.

6. Sumarstarfsmenn

Keflavík sótti um 29 stöðugildi og fékk 21. Það er í höndum íþróttastjóra ásamt deildum að velja í þær stöður úr umsækjendum.

7. Fjáraflanir í nafni Keflavíkur

Til er reglugerð um fjáraflanir hjá Keflavík sem deildum ber að fara eftir.

8. Önnur mál

A. Búið er að útdeila til deilda því fjármagni sem kom frá ríkinu í gegnum ÍSÍ samkvæmt samþykkt aðalstjórnar. Styrkurinn hljóðar upp á átta milljónir sextíu og þrjú þúsund sexhundruð tuttugu og tvær krónur.

B. Samþykktur styrkur aðalstjórnar til tveggja deilda vegna Covid 19 hefur verið greiddur.

C. Guðbjörg Jónsdóttir er að skoða með leigu á Hringbraut 108 frá september 2020.

D. Aðalstjórn kaupir stuðningsmannakort hjá knattspyrnudeild fyrir stjórnarmenn.

E. Sumarrós Sigurðardóttir vill gefa félaginu verðlaunasafn Gísla Torfasonar heitins.

Formaður boðar til næsta fundar með tölvupósti. Fundi slitið kl. 19:25. Fundinn ritaði Eva Björk